

Sumarhúsatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 220 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóváar og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Sumarhúsatrygging er samsett úr níu tryggingum og bætir hún helstu tjón sem verða á sumarhúsi og innbúi þess. Tryggingin er tekin til viðbótar við brunatryggingu húseigna sem skylt er að kaupa samkvæmt lögum.



Hvað er tryggt?

Brunatrygging bætir tjón á innbúi vegna:

- ✓ Bruna, eldsvoða og sprengingar.
- ✓ Skyndilegs sótfalls frá kynditækjum hússins.

Innbrotstrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Skemmda á húsinu í kjölfar innbrots
- ✓ Þjófnaðar og skemmda á innbúi í kjölfar innbrots.

Brot- og hrunstrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóns á innbúi vegna þess að innbús-munir detta skyndilega og óvænt niður og brotna.
- ✓ Tjón á fasttengdum hreinlætistækjum vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar.

Vatnstjónstrygging bætir tjón á vegna:

- ✓ Skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum, hitakerfum og frárennslisleiðslum sem eiga upptök sín innan veggja hússins.
- ✓ Leka úr frystikistum, kælikápum, vatns-rúmum og fiskabúrum.

Skýfalls- og asahlákutrygging bætir tjón vegna:

- ✓ Skemmda af völdum jarðvegsvatns sem flæðir inn í húsið í kjölfar skyndilegs úr-hellis eða asahláku.

Fok- og óveðurstrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Skemmda af völdum ofsaveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu eða meira.

Frostsprungutrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóns á vatnsleiðslukerfi innanhúss vegna frostsprungna ef hitakerfi hússins bilar skyndilega.

Glertrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Skemmda á venjulegu rúðugleri í sumar-húsinu ef það brotnar.



Hvað er ekki tryggt?

Brunatrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón vegna sviðunar eða bráðunar sem telst ekki vera eldsvoði.
- ✗ Tjón á rafmagnstækjum vegna skammhlaups.

Innbrotstrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón á innbúi sem geymt er utandyra.
- ✗ Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af ein-hverjum hinna tryggðu.

Brot- og hrunstrygging bætir ekki:

- ✗ Rispur eða aðrar skemmdir sem teljast ekki vera brot.
- ✗ Skemmdir sem verða ef kvarnast eða flísast úr borðplötu.

Vatnstjónstrygging bætir ekki:

- ✗ Skemmdir af völdum vatns sem á upptök sín utan veggja hússins (sjá þó Skýfalls- og asahlákutryggingu).
- ✗ Tjón vegna myglu- eða sveppagróðurs.

Skýfalls- og asahlákutrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.

Fok- og óveðurstrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón á lausamunum utanhúss.
- ✗ Tjón af völdum sandfoks.

Frostsprungutrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón á snjóbræðslukerfum.

Glertrygging bætir ekki:

- ✗ Brot á rúðum sem ekki eru ísettar og komnar Á endanlegan stað.
- ✗ Tjón ef glerið rispast eða flísast upp úr því.
- ✗ Tjón af völdum móðu á milli glerja.

Ábyrgðartrygging húseigna greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóns sem eigandi sumarhússins er gerður ábyrgður fyrir samkvæmt skaðabótalögum, til dæmis ef gestkomandi slasast vegna ófullnægjandi frágangs.

Ábyrgðartrygging húseigenda bætir ekki:

- ✗ Tjón á munum sem eigandi sumarhúss hefur að láni, til leigu eða í vörslu sinni af öðrum ástæðum.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin greiðir ekki tjón af völdum náttúruhamfara eða sem orsakast af stríði, hryðjuverkum, mengun eða sambærilegum atburðum.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á Íslandi.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og að lagnir og viðtengd tæki séu tæmd þegar hætta er á frosti.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú getur dreift greiðslum með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.